



## Fundargerð

Aðalfundur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga (KVH) haldinn fimmtudaginn 25. mars 2021 í forni fjarfundar á Teams, í fyrsta skipti í sögu félagsins. Stjórnarformaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri voru einir í Borgartúni 6 auk fundarstjóra og starfsmanns á skrifstofu vegna þrengri samkomutakmarkana sem tilkynntar voru daginn áður. Samtals sóttu 85 félagsmenn fundinn.

**Fundur var settur kl. 12.00**

Stjórnarformaður setti fundinn og bauð félagsmenn nær og fjær velkomna. Ánægjulegt að nú geti fundarmenn af öllu landinu sótt fundinn.

Kosning fundarstjóra, fundarritara og kjörstjórn:

- Fundarstjóri: Jóngeir Hlinason
- Fundarritari: Ásta Leonhards.
- Kjörstjórn: Guðfinnur Þór Newman og Steinar Lúðvíksson

Fundarstjóri reifaði hvers vegna fyrirkomulagið væri með rafrænum hætti og að til fundarins hafi verið boðað með lögmætum hætti.

**Dagskrá samkvæmt lögum félagsins:**

1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári
2. Reikningar félagsins
3. Tillögur félagsstjórnar
4. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins
8. Önnur mál

### **1. Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári**

Stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020 – 2021. Starfsárið var sérstakt vegna áhrifa af COVID faraldrinum. Starfsemi stjórnar gekk vel sem var fljót að laga sig að breyttum aðstæðum. Árið var stórt samningaár, mjög annasamt og ein samfelld samningslota frá maí 2019 til júlí 2020 þar sem m.a. náðist samkomulag um styttingu vinnuvikunnar sem markar ákveðin tímamót á vinnumarkaðinum. Félagið var mjög vel í stakk búið fyrir þessa samningalotu en félagið býr í dag orðið yfir góðum gagnagrunnum og er tölfraði sterka vopn félagsins í kjarabaráttu.

Stjórn KVH þakkar starfsmönnum félagsins sérlega vel unnin störf á krefjandi starfsári.

### **2. Reikningar félagsins**

Gjaldkeri kynnti ársreikning KVH fyrir árið 2020.

RR: Rekstrartekjur félagsins voru kr. 100.868.383 kr. og hækka um 5 m.kr. á árinu vegna fjölgunar félagsmanna og hækkunar launa. Rekstrargjöld kr. 83.543.459 kr. Laun og launatengd gjöld hækka um 6 m.kr. sem skýrist af kjarasamningsbundnum launahækkunum og mikillar yfirvinnu í tengslum við langa kjarasamningalotu á árinu. Mismunur milli ára skýrist einnig af því að árið 2019 var skrifstofan án verkefnastjóra í tvo mánuði. Gert ráð fyrir fyrrnefndri hækkun, enda samningsár. Að sama skapi lækkar annar rekstrarkostnaður um 4 mkr. Hagnaður ársins 2020 að teknu tilliti til fjármagnsliða var kr. 17.459.305, nánast á pari við fyrra ár.

Spurningar frá félagsmönnum um laun og launatengd gjöld. Svarað með skýringum hér að ofan.

EHR: Eignir félagsins eru í dag 77.766.221 kr. og aukast um 17,6 m.kr. frá fyrra ári sem skýrist af kaupum félagsins á stærri eignarhlut í Húsfélagi BHM sf., samþykkt á aðalfundi frá fyrra ári. Fjármagnað með sölu að hluta á verðbréfaeign félagsins, litið á kaupun sem fjárfestingu. Handbært fé tvöfaldast frá fyrra ári sem gefur félaginu tækifæri til að efla rekstur og þjónustu félagsins.

Eigið fé í árslok 2020 var kr. 75.573.970 kr.

Umræða um sundurliðun launaliðarins. Tækifæri til að skoða sundurliðun í samræmi við endurskoðendur og skoðunarmenn fyrir næsta aðalfund.

Annar tveggja skoðunarmanna reikninga, Halla Sigrún Sigurðardóttir, reifaði yfirferð skoðunarmanna. Kvað þau hafa tekið verkefnið mjög alvarlega, horft á eyðslu og útstreymi og skipt sér af ýmsum málum óháð hvort þau kæmu þeim við eða ekki. Ekkert að þessu sinni sem kallaði á frekari skoðun. Allt samkvæmt þeim línnum sem lagt hafði verið upp með á síðasta aðalfundi. Félagsgjöld séu ekki há og ljóst að mikið og mjög gott starf hefur verið unnið gagnvart BHM sem mun skila sér inn í reikninga KVH. Spurðu mikið um laun stjórnar og starfsmanna til frekari rýni. Starfsmannaskipti skýrðu þann lið auk þess sem þetta ár hafi verið samningaár svo framan var mikil yfirvinna sem eðlilegt er á samningaári. Skoðunarmenn töldu ekkert athugasvert við það og bauð hún félagsmönnum að spyrja frekar.

Þakkar fyrir gott samstarf við skrifstofu félagsins, hefur lokið störfum sem skoðunarmaður fyrir félagið og horfið til annarra starfa.

Ársreikningur vísindasjóðsins yfirfarinn í stuttu máli. Gegnumstreymissjóður. Alls voru veittir styrkir fyrir 47.920.531 kr. sbr. við 44.199.219 kr. árið áður.

Reikningar samþykktir með handauppréttingum á Teams.

### 3. Tillögur félagsstjórnar

Engar

### 4. Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf

Kosið til embættis stjórnarformanns til næstu tveggja ára: Ársæll Baldursson sitjandi stjórnarformaður og Stefán Þór Björnsson meðstjórnandi voru í framboði. Stefán Þór var kjörinn stjórnarformaður.

Kosið til embættis varaformanns og ritara en Sæmundur Hermannsson sagði af sér stuttu fyrir aðalfund. Ásta Leonhards. meðstjórnandi bauð sig ein fram, naut stuðnings stjórnar, og er því sjálfkjörinn ritari KVH. Dró ennfremur framboð sitt til gjaldkera til baka.

Kosið til gjaldkera. Helga S. Sigurðardóttir var ein í framboði þar sem mótframbjóðandi, Ásta Leonhards., hafði dregið framboð sitt til baka. Helga var því sjálfkjörin gjaldkeri.

Kosið til meðstjórnanda. Guðjón Hlynur Guðmundsson var í framboði auk Stefáns Þórs og Helgu sem höfðu bæði verið kosin í önnur embætti, sbr. hér að ofan. Guðjón var því sjálfkjörinn í stjórn KVH til tveggja ára.

Fundarstjóri óskaði eftir framboði þar sæti Ástu hafði losnað: Þrír buðu sig fram og var Heiðrún Sigurðardóttir kjörin meðstjórnandi til eins árs.

Varamenn í stjórn kynntir. Björn Bjarnason, Irina Orgutsova og Karl Einarsson buðu sig fram og voru því sjálfkjörin.

Skoðunarmenn til tveggja ára: Jóngeir býður sig áfram fram, Magnús Sigurðsson bauð sig fram. Ekkert mótframboð og Magnús því sjálfkjörinn.

## 5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar lagðar fram.

## 6. Ákvörðun félagsgjalda

Tillaga að óbreyttum félagsgjöldum borin upp, 0,6% af heildarlaunum. Samþykkt.

## 7. Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins

Gjaldkeri kynnt fjárhagsáætlun 2021. Gert ráð fyrir 10,6 m.kr. hagnaði.

Ennfremur gert ráð fyrir:

- Hóflægri hækkun félagsgjalda vegna 2,5% aukningu félagsmanna og launahækkana.
- Samningsbundnum 2,75% launahækkunum.
- Að einn starfsmaður verði ráðinn á skrifstofuna vegna verkefnaþunga. Styrkir félagið og þjónustu við félagsmenn enn frekar.
- Lægri greiðslum til BHM vegna breytinga á aðildargjöldum.
- Stefnumótunarvinnu.
- Hækkun á rekstrarframlagi til húsfélagsins vegna aukins eignarhlutar.

Lagt til að fjárfestingarstefna 2021 – 2022 verði óbreytt. Samþykkt.

## 8. Önnur mál

Launaliðurinn nefndur og óskað eftir frekari sundurliðun stjórnar og starfsmanna.

Fráfarandi stjórnarformaður óskar til nýjum stjórnarformanni til hamingju með sigurinn. Þakkar fyrir sig, gengur sáttur frá borði, skilar góðu búi og er bjartsýnn fyrir framtíð félagsins. Býður nýja meðstjórnendur velkomna í stjórn.

Fundi slitið kl. 13.50.